# ,,FRÍSTUNDIR Í BREIÐHOLTI"

**Þráinn Hafsteinsson**

**Jóhannes Guðlaugsson**
**Suðurmiðstöð**

Reykjavíkurborg

# Ráðstöfun eftir póstnúmeri 2019 – Reykjavík öll




Reykjavíkurborg

# „FRÍSTUNDIR Í BREIÐHOLTI“

**TILRAUNAVERKEFNI**
Haust 2020 til loka sumars 2023

## MARKMIÐ

*Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.*

*Að auka nýtingu frístundkortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.*

*Að auðvelda félagslega þátttöku, íslenskunotkun og samfélagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi*

# BAKGRUNNUR OG UMSJÓN

Verkefnið byggir á reynslu og rannsóknum sem gerðar hafa verið í Breiðholti, hérlendis og erlendis á undanförnum árum.

Verkefnið var valið sem eitt þriggja áhersluverkefna nýrrar lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefnið var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 27. ágúst 2020

Umsjón framkvæmdar: Þjónustumiðstöð Breiðholts





Breiðholt

Reykjavíkurborg

Breiðholt
ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

Breiðholt

# 9 MEGIN AÐGERÐIR








Reykjavíkurborg

Breiðholt
ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

# (1) STYRKING VERKEFNA FYRIR LEIKSKÓLAALDURINN

- Íþróttaverkefni leikskólanna
- Fótboltaskóli Leiknis 2-5 ára
- Íþróttaskóli ÍR 2-5 ára
- Önnur verkefni dansskóla, tónslistarskóla ofl. aðila sem hafa gefið góða raun



Samstarf leikskólanna
og íþrótta- og frístundaðila
um kynningarmál



# (2) BREIÐHOLTSKRAKKAR 1.-2. BEKKUR

- Börnum í 1.-2. bekk í Breiðholti býðst að taka þátt í tveimur íþrótta- og frístundakostum gegn greiðslu hálfs frístundakorts kr. 25.000 fyrir önnina.
- 170 börn nýta þetta tækifæri á vorönn hjá ÍR,Leikni, Ægi,Dansgarðinum, Dans Brynju Péturs, Tónskóla Eddu Borg og Tónskóla Sigursveins.
- Reykjavíkurborg greiðir 30.000 viðbótarframlag á ári með hverju barni sem greitt er beint til þeirra íþrótta- og frístundaaðila sem þjónusta barnið.



# (3) BÖRN Í 1.-2. BEKK GETI PRÓFAÐ OG FÆRT SIG Á MILLI ÍÞRÓTTA- FRÍSTUNDAKOSTA GEGN EINU GJALDI

- Börnin geta valið um tvo íþrótta- eða frístundakosti fyrir 25.000 kr. gjald á önn og fært sig á milli kosta á miðri önn
  án aukagjalds.





# (4) ALLAR ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR FYRIR BÖRN Í 1.-2. BEKK Í BREIÐHOLTI VERÐI Í BOÐI Á MILLI KL. 14:00-18:00



# (5) FRÍSTUNDARÚTA ÁN ENDURGJALDS




- Gjaldfrí frístundarúta með leiðsögumanni þjónustar börn í 1.-4. bekk á tímabilinu 14:00-16:00 alla virka daga til að auðvelda þeim að komast á milli skóla, íþróttaæfinga, frístunda og heimilis.
- 40-100 börn nýttu rútuna daglega á vorönn

# (6) ÖFLUG KYNNING Á ÍÞRÓTTA- OG FRÍSTUNDASTARFI Í ÖLLUM KIMUM SAMFÉLAGSINS

- Kynning á íþrótta- og frístundastarfi er sameiginlegt verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, leikskólanna, grunnskólanna, frístundamiðstöðvar, íþrótta- og frístundaaðila í náinni samvinnu við hópa íbúa af erlendum uppruna, foreldrafélög grunnskólanna ofl.



# (6) ÞRÍÞÆTT KYNNING

**1) SKÓLAR**

Samstarf um að kynna íþrótta- og frístundamöguleikana í leik- og grunnskólum Dreifing kynningarefnis. Kennarar finna börnin sem eru óvirk og láta íþrótta- og frístundatengilinn vita.

**2) SENDIHERRAR MENNINGAR/MÁLHÓPA**

Fulltrúar íbúa af erlendum uppruna vinna að kynningarmálum. Dreifing kynningar-efnis, kynningarfundir á viðkomandi tungumáli. Frístundakort og íþrótta- og frístundatilboð kynnt

# (6) ÞRÍÞÆTT KYNNING

**3) BLÖÐ/BÆKLINGAR/MYNDBÖND/NETMIÐLAR**
Hefðbundin kynning, bæklingar, auglýsingar, tilkynningar í fjölmiðlum og netmiðlum á mörgum tungumálum. Myndbönd á mörgum tungumálum. Kynningar- og skráningardagar.




Reykjavíkurborg

Breiðholt

Reykjavíkurborg

## FRÍSTUNDASTYRKUR

**50.000 kr. styrkur árið 2022**
**75.000 kr. styrkur frá og með árinu 2023**

Íþrótta og frístundastyrkurinn tryggir að öll börn á aldrinum 6 -18 ára í Reykjavík, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.
Foreldrar/forráðamenn ráðstafa styrknum í samstarfi við börn sín til námskeiðs sem hægt er að borga með styrknum.
Frekari upplýsingar má finna á www.fristund.is og hjá Suðurmiðstöð í síma 411 1300 eða á breidholt@ reykjavik.is

## ÖLL BÖRN GETA TEKIÐ ÞÁTT Á EINHVERN HÁTT

Rannsóknir sýna fram á að börn sem stunda íþróttir eða taka þátt í reglulegu frístundastarfi eru líklegri til að temja sér jákvæð viðhorf og lífsgildi og öðlast heilsteyptari sjálfsmynd sem dregur úr líkum á að þau ánetjist tóbaki, áfengi eða öðrum vímugjöfum.

## MYNDBÖND Á YOUTUBE

Það eru myndbönd á Youtube undir **Þjónustumiðstöð Breiðholts**.
Á ensku, tælensku, pólsku, arabísku, rúmensku, spænsku, albönsku og litháísku með upplýsingum um:
1. Mikilvægi þátttöku barna í íþróttum og frístundum.
2. Hvaða íþróttir og frístundir eru í boði fyrir börn í Breiðholti.
3. Hvernig skrái ég barnið mitt í íþróttir eða frístundir í Breiðholti.

## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

Frístundamiðstöðin okkar í Breiðholti heitir Miðberg.
Frístundamiðstöðin stendur fyrir fjölbreyttu og innihaldsríku starfi fyrir börn og ungmenni frá aldrinum 6 – 16 ára.
Á vegum Miðbergs eru rekin sex frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar.

### MIÐBERG

www.midberg.is - midberg@rvkfri.is
Sími: 411 5750

### FRÍSTUNDAHEIMILI 6 - 9 ÁRA

| | | |
|---|---|---|
| **Bakkasel** | 1. – 4. bekkur | Breiðholtsskóli |
| **Álfheimar** | 1. – 2. bekkur | Hólabrekkuskóli |
| **Hraunheimar** | 3. – 4. bekkur | Fellaskóli og Hólabrekkuskóli |
| **Vinasel** | 1. – 2. bekkur | Seljaskóli |
| **Vinaheimar** | 1. – 2. bekkur | Ölduselsskóli |
| **Regnboginn** | 3. – 4. bekkur | Seljaskóli og Ölduselsskóli |

Þar að auki er frístundaheimilið Vinafell rekið í Fellaskóla fyrir 1. - 2. bekk.

### FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR 10 - 16 ÁRA

Félagsmiðstöðvar eru reknar af Reykjavíkurborg og störf þeirra eru aðallega leidd af ungu fólki.
Félagsmiðstöðvar miða að því að skapa fjölbreytt, öruggt og skemmtilegt umhverfi sem öll geta eytt tíma sínum í eftir að skólatíma lýkur.

| | | |
|---|---|---|
| **111** | Efra-Breiðholt | 111@rvkfri.is |
| **Hólmasel** | Seljahverfi | holmasel@rvkfri.is |
| **Bakkinn** | Bakkahverfi | bakkinn@rvkfri.is |

**Fyrir börn og unglinga með fötlun 10 - 16 ára.**

| | | |
|---|---|---|
| **Hellirinn** | Kleifarsel 18 | hellirinn@rvkfri.is |

HEILSU EFLANDI BREIÐHOLT

# Breiðholt

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

www.facebook.com/breidholtid

www.instagram.com/breidholt.is

Þjónustumiðstöð Breiðholts



Breiðholt

## ÍÞRÓTTAFÉLÖG

Félögin bjóða upp á mismunandi úrval íþrótta og taka á móti byrjendum sem og reyndum íþróttaiðkendum.

### ÍR

www.ir.is - ir@ir.is Sími: 587 7080
Íþróttir: Fótbolti, fimleikar, frjálsar íþróttir, handbolti, körfubolti, júdó, karate, keila, skíði og Taekwondo.

### LEIKNIR

www.leiknir.com - leiknir@leiknir.com
Sími: 557 8050
Íþróttir: Fótbolti, blak, körfubolti, hjólreiðar og badminton

### BANDÝ

atli.thor@gmail.com
sími:618 5745

### SUNDFÉLAGIÐ ÆGIR

www.aegir.is - aegir@aegir.is
Sími: 820 3156
Sundþjálfun fyrir fjögurra ára og eldri.

Að fara í sund, til að synda eða bara til að sitja í heita pottinum, er stór partur af menningu íslendinga. Grunnskólabörn læra á skólatíma en Ægir þjálfar þau börn sem vilja keppa í sundi og býður einnig upp á byrjendanámskeið.

## HJÓLREIÐAR

### HJÓLAKRAFTUR

www.hjolakraftur.com - valdi@hjolakraftur.com
Sími: 848 8822
Hjólreiðar fyrir 12 - 18 ára.

## BORGARBÓKASAFN GERÐUBERG

borgarbokasafn.is/bokasofn/gerduberg
gerduberg@borgarbokasafn.is
Sími: 411 6170

Borgarbókasöfnin eru frábær auðlind upplýsinga, bókasafnið í Breiðholti er á annarri hæð Gerðubergs.

Í Okinu í bókasafninu er boðið upp á smiðjur, fyrirlestra, hópvinnu, skapandi vinnu og næði fyrir krakka til að vinna að eigin verkefnum.

Heimanámsaðstoð er í boði á vegum bókasafnsins og fjölskyldumiðstöðvarinnar í Gerðubergi.

## DANS

### DANSSKÓLI BRYNJU PÉTURS

www.brynjapeturs.is
dansbrynjupeturs@gmail.com
Sími: 821 4499
Metnaðarfullur dansskóli sem meðal annars leggur mikla áherslu á jákvæða sjálfsmynd.
Dansstílar: HipHop, Dancehall, Waacking, Break, House, Popping, Locking og Top Rock.

### DANSGARÐURINN KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

www.dansgardurinn.is
info@ballet.is
Sími: 534 9030
Fagleg og fjölbreytt danskennsla og fræðsla um sviðslistir. Dansstílar: Klassískur ballet, nútíma list-dans, samtímadans, spuni, táskótækni og söguleg dansverk.

## SKÁTAR

### HAFERNIR

www.hafernir.org - hafernir@skatar.is
Sími: 839 3050

### SEGULL

www.skatarnir.is/segull - segull@skatar.is
Sími: 567 0319

## MYNDLIST

### MYNDLISTASKÓLI REYKJAVÍKUR

www.mir.is - mir@mir.is
Sími: 551 1990

## TÓNLIST

### TÓNSKÓLI EDDU BORG

www.teb.is - teb@teb.is
Sími: 557 3452
Kennsla: Forskóli og kennsla á flest hljóðfæri, auk 10 vikna námskeiðs á rythmísk hljóðfæri: hljómborð, bassa, gítar og slagverk/trommur.

### TÓNSKÓLI SIGURSVEINS

www.tonskolisigursveins.is
tonskolisigursveins@tonskolisigursveins.is
Sími: 568 6828
Kennsla: Ýmis hljóðfæri, Suzuki námskeið, tónfræði, samleikur, hljóðfærafræði, útsetning og tónsmíðar.

### SKÓLAHLJÓMSVEIT ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS

www.arbaer.skolahljomsveit.is
anna.sigurbjornsdottir@rvkskolar.is
Sími: 893 2213

Reykjavíkurborg

# (7) ÍSLENSKUNOTKUN, FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG SAMFÉLAGSLEG VIRKNI

- Sérstök áhersla er lögð á að í íþrótta- og frístundastarfinu fari fram markviss örvun í íslenskunotkun og félagslegum tengslum með það að markmiði að auðvelda þátttakendum samfélagslega þátttöku.
- **50** kennarar og þjálfarar dansskólanna, tónlistarskólanna og íþróttafélaganna hafa sótt menningarnæmisnámskeið til að efla sig í þessum þáttum

Breiðholt

Reykjavíkurborg

# (8) STYRKTARSJÓÐUR TIL EFLINGAR ÍÞRÓTTA- OG FRÍSTUNDAÞÁTTTÖKU

- Sérstakur sjóður til stuðnings efnaminni foreldrum þátttakenda til að standa straum að auka kostnaði s.s. vegna þátttöku í viðburðum, kaupa eða leigu á búnaði.
- 20 umsóknir hafa verið afgreiddar úr sjóðnum.



# (9) VÍÐTÆK SAMVINNA

- Þjónustumiðstöð Breiðholts, leikskólar, grunnskólar, frístundamiðstöð, íþrótta- og frístundaðilar og foreldrar vinni markvisst að því að auðvelda íþrótta- og frístundaþátttöku allra barna í Breiðholti óháð bakgrunni og efnahag.

- Víðtæk samstaða hefur tekist í hverfinu um verkefnið



Breiðholt

Reykjavíkurborg

# (10)ÍÞRÓTTA- OG FRÍSTUNDATENGILL

- Aðstoð við börn og unglinga sem eru að taka sín fyrstu skref inn í íþrótta- og frístundastarf. Vinnur náið með starfsmönnum grunnskólanna, ráðgjöfum Suðurmiðstöðvarinnar og Sendiherrum við að nálgast börnin og foreldra.

Reykjavíkurborg

# (10)ÍÞRÓTTA- OG FRÍSTUNDATENGILL

Aðferð




Reykjavíkurborg

# (10)ÍÞRÓTTA- OG FRÍSTUNDATENGILL

## Gengið í bekki - könnun

| Skóli | Fjöldi | óvirkir | Hlutfall | For viðt. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| Fellaskóli | 350 | 95 | 27% | 5 | 5,3% | Kynning var ekki eins góð og í öðrum skólum |
| Hólabrekkuskóli | 480 | 108 | 23% | 23 | 21,3% | |
| Seljaskóli | 633 | 82 | 13% | 12 | 14,6% | |
| Breiðholtsskóli | 440 | 124 | 28% | 35 | 28,2% | |
| Ölduselsskóli | 515 | 76 | 15% | 12 | 15,8% | |
| | | | | | | |
| | 2418 | 485 | | 87 | 17,9% | |
| | | | | | | |
| haust 2022 | 20,06% | | | | | |
| haust 2021 | 22,91% | | | | | |
| | -2,85% | | | | | |

# RANNSÓKNIR OG MAT

- Menntavísindasvið Háskóla Íslands sér um rannsóknir og mat á framgangi verkefnisins.

# TAKK FYRIR

